

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024, vegna verslunar- og þjónustu í Vesturhöfninni.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 29. mars 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 frá 20. desember 2002.

Breytingin felst í því að heimilt verður að reka verslun og þjónustu, þ.m.t. matvöruverslun, á hluta hafnarsvæðis H2 í Vesturhöfninni, sbr. afmörkun á skipulagsuppdraetti og lýsingu í greinargerð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkurborgar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 29. mars 2004.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 1995-2015, vegna Sjálandsskóla.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 29. mars 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 1995-2015 frá 17. nóvember 1997.

Breytingin felst m.a. í að innan svæðis fyrir blandaða landnotkun (Ú-1) er svæði fyrir stofnanir stækkað, lega aðalgönguleiðar frá Vífilsstöðum að sjó færast til og gert er ráð fyrir undirgöngum undir Vífilsstaðaveg. Ennfremur eru gatnamót frá Vífilsstaðavegi að Grundum færð austar.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Garðabæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 29. mars 2004.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*